

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, hliðrun Þeistareykjalínu 1, Hólasandslínu 1 og tengivirkis á Bakka, hliðrun og breyting Tjörneslínu í jarðstreng.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. febrúar 2014 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, sem samþykkt var í sveitarstjórn Norðurþings þann 21. janúar 2014.

Í breytingunni felst að Þeistareykjalínu 1 og Hólasandslínu 1 er hliðrað til suðurs á um 4-5 km kafla næst Bakka. Jafnframt er tengivirki á Bakka fært til suðurs og austur fyrir Þjóðveg og Tjörneslínu er hliðrað til austurs innan iðnaðarsvæðis á Bakka og línan sett í jarðstreng.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 7. febrúar 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.